

FRÉTTATILKYNNING

9. maí 2019

Íslenski skálinn umbreytir Homo Sapiens í Chromo Sapiens á 58. Feneyjatvíæringnum í myndlist.



Chromo Sapiens

Hrafnhildur Arnardóttir / Shoplifter

Sýningarstjóri: Birta Guðjónsdóttir


Íslenski skálinn á Feneyjatvíæringnum

11. maí – 24. nóvember 2019

Íslenski myndlistamaðurinn Hrafnhildur Arnardóttir / Shoplifter hefur tekið yfir vöruhús á Giudecca-eyju í Feneyjum og þakið það yfirþyrmandi magni af einkennisefnivið sínum; gervihári. Litir, hljóð og aðlaðandi áferð leiða gesti í gegnum þrjú ólík rými sem umlykja þá í myndrænum og hljóðrænum samruna.

Þegar stigið er inn í innsetningu Hrafnhildar, **Chromo Sapiens**, mæta þér drungaleg hellakynni, **Primal Opus**, myrkvuð göng í litasamsetningum eldhræringa sem virkjuð eru af neðanjarðar hljóðheimi rammíslensku málsveitarinnar HAM. Hellaköfun þessi leiðir þig áfram inn í **Astral Gloria**, litríka hvelfingu þar sem skærlitaðar hárbreiður bylgjast um og teygja sig í ofgnótt sinni umhverfis sýningargesti. Litadýrð, áferð og hljóðmynd örva skilningarvitin með æpandi litum bifandi hárfaðms sem mýkist við lendingu í himnesku hreiðri **Opium Natura**. Þar flökta dúnmjúkir litatónar sem umvefja gesti friðsæld og sakleysi sjónrænnar alsælu.

Hljómsveitin HAM hefur samið tónverk fyrir **Chromo Sapiens** sem ómar um þann loðna ham sem Hrafnhildur hefur þakið salarkynni verksins með. Djúpar drunur og dynjandi niður tónheims HAMverja hreyfa við líkamlegum skynfærum með nötrandi hljóðbylgjum sem hnoða og þenja hverja taug. HAM hefur einnig samið einkennislag fyrir sýninguna en í textanum segir



einmitt: "Þú átt ekki séns og sál þín er lens nema þú opnir hjarta þitt fyrir **Chromo Sapiens**".

Listsköpun Hrafnhildar Arnardóttur / Shoplifter liggur á mörkum myndlistar, gjörninga og tísku og á sér rætur í áhuga hennar á dægurmenningu og fjöldaframleiðslu. Verk hennar eru full af húmor sem varpa ljósi á fáránleika samtímans af áráttu og tekst Hrafnhildi með undraverðum hætti að gjörbreyta umdeildu gerviefni í þrívíða yfirnáttúru.

Birta Guðjónsdóttir sýningarstjóri hefur áður unnið að þremur verkefnum Hrafnhildar úr innsetningaröð hennar er kallast *Taugafold* (E. *Nervescape*); *Nervescape II* í Havremagasinet Listamiðstöðinni í Boden, Svíþjóð (2013), *Nervescape IV* á Momentum 8 – Norræna tvíæringnum í samtímamyndlist í Moss, Noregi (2015) og *Nervescape VII* í Listasafni Íslands, Reykjavík (2017).

Birta Guðjónsdóttir segir um verkið: “*Hrafnhildur hefur þróað einstakar aðferðir við að vinna með textíl á staðbundinn hátt og hefur hlotið mikið lof fyrir verk sín og vinsældir meðal almennings. Það er sannarlega áhugavert og spennandi að samstarf okkar beri okkur til Feneyja þar sem hún skapar viðamestu sýningu sína til þessa, innsetningu sem hreyfir við hugsun og skynfærum gesta. Maður gengur inn í verkið sem Homo Sapiens en gengur út sem Chromo Sapiens.*”

Í tilefni **Chromo Sapiens** hefur verið gefin út óhefðbundin sýningarskrá í formi fjölfeldis í takmörkuðu upplagi og samanstandur af 12” LP vínýlplötu og prentútgáfu, sem verður seld í íslenska skálanum. Vínýlplatan inniheldur þrjú hljóðverk hljómsveitarinnar HAM og lofsöng þeirra tileinkaðan **Chromo Sapiens** ásamt upptöku af samtali Hrafnhildar Arnardóttur / Shoplifter við Alönnu Heiss, stofnanda Clocktower Gallery og P.S.1 í New York. Prentútgáfan inniheldur texta eftir Birtu Guðjónsdóttur sýningarstjóra, Hilton Als, Jen DeNike, Oddnýju Eir Ævarsdóttur og Timothy Morton.

Þátttaka Íslands í Feneyjatværingnum hófst árið 1960. Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneyti, hefur umsjón með íslenska skálanum.

Instagram: [@IcelandicPavilion](#) [@ShoplifterArt](#)

Hashtags: **#ChromoSapiens #Shoplifter #IcelandicPavilion**

Ljósmynd: Hrafnhildur Arnardóttir / Shoplifter. Ljósmyndir: Elísabet Davíðsdóttir.

Chromo Sapiens

Íslenski skálinn á Feneyjatværingnum

Staðsetning: Spazio Punch, Giudecca, Feneyjum

Sýningartímabil: 11. maí – 24. nóvember 2019

Opnunartímar: Kl. 12 - 20 þriðjudaga til sunnudaga

Opinber opnunardagur íslenska skálans: 9. maí 2019 kl. 19.30

Fyrir nánari upplýsingar og ljósmyndir, hafið samband við:

Cecilia Vilela og Natalie Ahmed hjá Pickles PR

E: cecilia@picklespr.com | Sími: +44 (0) 7449 872 799

E: natalie@picklespr.com | Sími: +44 (0) 7576 339 59

E: helgakjerulf@icelandicartcener.is +354 693 3742

Hrafnhildur Arnardóttir / Shoplifter (f. 1969) er einn af helstu samtímalistamönnum Íslands og er búsett í New York í Bandaríkjunum. Hrafnhildur hefur vakið mikla athygli fyrir verk sín úr náttúrulegu hári og gervihári sem hún notar í gerð skúlptúra, veggverka og innsetninga sem koma inná þemu eins og hégóma, tísku og samtímagóðsagnir. Meðal nýjustu verka Hrafnhildar eru einkasýningar í Kiasma – samtímalistasafni Finnlands (2019); Listasafni Íslands (2017); Walt Disney Concert Hall í Los Angeles (2017); og Qagoma, nútímalistasafni Queensland í Ástralíu (2016). Meðal annarra mikilvægra sýningaverkefna hennar má nefna stóra gluggainnsetningu með listahópnum assume vivid astro focus (avaf) fyrir MoMA nútímalistasafnið í New York (2008). Árið

2011 hlaut Hrafnhildur Norrænu textílverðlaunin og heiðursorðu Prins Eugen frá sænsku krúnunni fyrir listrænt framlag sitt til norrænnar textílhefðar. Frekari upplýsingar: <http://www.shoplifter.us>

Birta Guðjónsdóttir (f. 1977) er íslenskur sýningarstjóri, búsett í Reykjavík og Berlín. Frá 2014-2018 starfaði hún sem deildarstjóri sýningardeildar Listasafns Íslands. Árið 2015 var hún sýningarstjóri Momentum 8 – Norræna tvíæringsins í samtímamyndlist í Moss, Noregi og árið 2013 var hún gesta sýningarstjóri Norræna myndlistarþræringins í Listasafninu í Eskilstuna í Svíþjóð. Birta hefur sem sjálfstætt starfandi sýningarstjóri stýrt yfir 20 sýningum í borgum eins og Basel, Berlín, Boden, Kaupmannahöfn, Osló, Melbourne, New York og St. Pétursborg, auk margra listasafna og listryma á Íslandi. Hún starfaði sem safnstjóri Nýlistasafnsins (2009-2011), listrænn stjórnandi sýningarrýmisins 101 Projects (2008-2009) og sýningarstjóri í SAFNi, samtímalistasafni (2005-2008), í Reykjavík.

HAM hefur skapað sér einstakan sess á Íslandi sem sérvitur þungamálmis hljómsveit með grafalvarlegan hómor. Áhrif þeirra á íslenska tónlistarsögu og yngri kynslóðir tónlistarmanna hafa verið afgerandi frá því HAM lét til sín taka í tónleikahaldi og plötuútgáfu en sveitin hefur starfað með mislögnum hléum frá 1988. HAM gaf út sína níundu plötu *Söngvar um Helvíti Mannanna* árið 2017 við góðan orðstír og hlaut m.a. menningarverðlaun DV fyrir. HAM eru: S. Björn Blöndal - bassi, Sigurjón Kjartansson - gítar/rödd, Arnar Geir Ómarsson - trommur/ásláttur, Óttarr Proppé - rödd, Flosi Þorgeirsson - gítarar. Fyrir hljóðverk innsetningarinnar **Chromo Sapiens** vann hljómsveitin með Skúla Sverrissyni en Skúli vann m.a. lengi með Jóhanni Jóhannssyni tónskáldi, sem var áður meðlimur hljómsveitarinnar HAM.

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar er helguð kynningu á íslenskri myndlist á alþjóðlegum vettvangi. Miðstöðin starfar með mennta- og menningarmálaráðuneyti að því að styrkja tengsl myndlistarlífs á Íslandi við alþjóðlegt menningarumhverfi. Með fjárstuðningi og ráðgjöf styður stofnunin við íslenska myndlistarmenn og annað fagfólk á sviðinu til sköpunar og framkvæmda á verkefnum sínum á erlendri grundu og er tengiliður milli opinberra stofnana og einkarekinna, félagasamtaka og fjölbreytilegra listverkefna um heim allan. Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar hefur umsjón með íslenska skálanum á Feneyjatvíæringnum fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis Íslands.

Frekari upplýsingar: www.icelandicartcenter.is